Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

# Heiður Baldursdóttir

## Sérkennari og rithöfundur

## - Skjalaskrá -

**Einkaskjalasafn nr. 164**

# Heiður Baldursdóttir

sérkennari og rithöfundur

Heiður Baldursdóttir fæddist 31. maí 1958 í Reykjavík, dóttir hjónanna Baldurs Ragnarssonar kennara, f. 25. ágúst 1930, og Þóreyjar Mjallhvítar Kolbeins kennara, f. 31. ágúst 1932. Önnur börn þeirra eru: Ragnar, f. 29. nóvember 1955, Lára Sigríður, f. 12. september 1962 og Halldór Kristján, f. 12. september 1962.

Heiður lauk stúdentsprófi úr Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1976 og kennaraprófi úr Kennaraháskóla Íslands 1983. Hún kenndi í Safamýrarskóla árin 1983-1989.

Heiður lauk  BA-prófi í sérkennslufræðum úr Kennaraháskóla Íslands 1990. Henni auðnaðist ekki, vegna veikinda, að ljúka framhaldsnámi í sérkennslufræðum við Temple University í Philadelphia, Bandaríkjunum en þar hafði hún hafið nám 1990.

Heiður giftist Ómari Sævari Harðarsyni kennara 16. desember 1977 og eignuðust þau dæturnar Brynhildi, f. 31. ágúst 1978, og Þóreyju Mjallhvíti, f. 25. ágúst 1980.
Í janúar 1992 veiktist Heiður og lést hún 28. maí 1993.

Heiður náði frábærum námsárangri. Hún lærði að spila á blokkflautu og síðar á orgel. Hún sat í stjórn verkakvennafélagsins Sóknar. Á  unglingsárum hafði Heiður kynnst kommúnískum hugsjónum og hugðist „frelsa heiminn" með baráttu fyrir jöfnuði og mannréttindum eftir pólitískum leiðum. Hún gerðist síðar félagi í Kommúnistasamtökunum marxistar – lenínistar. Hún varð sérkennari og „sökkti sér niður í nám og vinnu í öllu því sem að fötlun lýtur eins og glöggt kemur fram í skrifum hennar."

„Heiður tókst á við líf sitt af ákafa, sinnti heimili sínu og uppeldi telpnanna, var okkur góð dóttir. Sjálf sagði hún, að hún vildi skipta sér af öllu, vandamál yrði að leysa. Þessi þáttur í skapgerð hennar var ríkjandi til síðustu stundar lífs hennar. Það kom sterkt fram í því hvernig hún tókst á við veikindi sín."

Árið 1989 hlaut Heiður Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir sögu sína Álagadalinn. Hún samdi fimm barnabækur, auk þess skrifaði Heiður fjölda greina fyrir fagtímarit.

Ritaskrá Heiðar Baldursdóttur, útgefin rit:

Rit:
Álagadalurinn, 1989.
Leitin að demantinum eina, 1990.
Að lesa í umhverfið, 1991.
Leyndarmál gamla hússins, 1991.

Háskaleikur,1992.
Galdur steinsins, 1993.
Nokkrir merkisdagar, 1993.
Háskaleikur, á japönsku, 1994.
Sögurnar um Evu Klöru, 2002.

Greinar:
Heiður Baldursdóttir og Þórarna Jónasdóttir: *„Alvarlega vangefnir - Innihaldsríkt líf eða óvirk tilvera.*" Þroskahjálp 3, 1987.
Heiður Baldursdóttir: *„Skóli fyrir alla."* Ný menntamál 5, 1987, 4:24-28.
Heiður Baldursdóttir: *„Kennsla þroskaskertra nemenda í almennum grunnskóla." Hvernig getum við orðið að liði? Samfella í byrjendakennslu 7. ára.* 2. hefti, veturinn 1989-1990. Helga Friðfinnsdóttir (ritstj). Útg. Hofstaðarskóli, Garðabæ.
Heiður Baldursdóttir: *„Starfsrannsókn í Safamýrarskóla."* Ný menntamál 7, 1989, 4:24-28.
Heiður Baldursdóttir: *„Blandað þjóðfélag – blönduð kennsla."* Ný menntamál, 4. tbl., 8. árg., 1990.
Heiður Baldursdóttir: *„Læsi: Tæki til að auka sjálfstæði og persónulega reisn."* Geðhjálp, 1. tbl. 1993.

Tilvitnanir úr gjafabréfi móður Heiðar, vor 2001, sjá öskju 6.

Þórey M. Kolbeins, móðir Heiðar, færir Borgarskjalasafni gögn þessi til varðveislu 20. janúar 2000; RB sótti skjöl til móður Heiðar 22. maí 2001 og 26. febrúar 2002. Þórey færði safninu, 10. janúar 2003, nýútkomna bók eftir Heiði: Sögurnar um Evu Klöru og umsögn um bókina.

**Öskjur nr. 1 og 2 eru TRÚNAÐARMÁL og lokaðar til ársins 2040; þarf samþykki ættingja til að sjá þann hluta.**

# Skjalaskrá

**Askja 1 – Lokuð til ársins 2040**
- Heilsufarsbók.
- Ónæmisskírteini.
- Bænir við skírn Heiðar.
- Ljóð um Heiði nýfædda.
- Hljóðsnælda send frá Heiði og fjölskyldu til ættingja á Íslandi.
- Sendibréf frá Heiði og dætrum til fjölskyldunnar á Íslandi 1990-1992.
- Minningargreinar, minningarorð og annað tengt andláti Heiðar.
- Samúðarkort og -kveðjur.

**Askja 2 – Lokuð til ársins 2040**
- Minningargjafakort.
- Gögn tengd Minningarsjóði Heiðar Baldursdóttur.

**Askja 3**

- Teikningar eftir Heiði.
- Hannyrðavinnubók.
- Bók með ritgerðum úr barnaskóla.
- Minningabók.
- Tvær vinnubækur, önnur úr barnaskóla, hin úr gagnfræðaskóla.
- Jólakort frá Bústaðarkirkju með teikningu eftir Heiði.
- Jólabréfspjald til foreldra frá Heiði.

- Greinar:

Viðtal við Heiði úr Lesbók Morgunblaðsins, 1. tbl. 1977.
Heiður Baldursdóttir og Þórarna Jónasdóttir: *„Alvarlega vangefnir - Innihaldsríkt líf eða óvirk tilvera.*" Þroskahjálp 3, 1987.
Heiður Baldursdóttir: *„Læsi: Tæki til að auka sjálfstæði og persónulega reisn."* Geðhjálp, 1. tbl. 1993.
Heiður Baldursdóttir: *„Blandað þjóðfélag – blönduð kennsla."* Ný menntamál, 4. tbl., 8. árg., 1990.
Heiður Baldursdóttir: „Kennsla þroskaskertra nemenda í almennum grunnskóla." *Hvernig getum við orðið að liði? Samfella í byrjendakennslu 7. ára.* 2. hefti, veturinn 1989-1990. Helga Friðfinnsdóttir (ritstj). Útg. Hofstaðaskóli, Garðabæ.
Heiður Baldursdóttir: *„Skóli fyrir alla."* Ný menntamál 5, 1987, 4:24-28.

- Heiður Baldursdóttir: Sögurnar um Evu Klöru. Handrit.
- Nokkur skólaverkefni, svokallaðir prófílar.
- Ritdómar og umfjöllun úr blöðum um bækur Heiðar 1989-1994.
- Teikning af Heiði eftir Þóreyju, dóttur Heiðar.
- Borgaraleg ferming Þóreyjar Mjallhvítar, dóttur Heiðar.
- Ferming Brynhildar, dóttur Heiðar.
- Bæklingur frá Rutgers University.

RB sótti eftirfarandi: 26. febrúar 2002.

- Ljósmyndaalbúm, 1990-1993, flestar myndanna eru af fjölskyldu Heiðar og vinum; þær eru teknar á heimili foreldra Heiðar eða heima hjá Heiði og Ómari:
  1.: Heiður og Lára, systir hennar; 2.: Heiður og vinkona hennar; 3.: Ómar, eiginmaður Heiðar; 4.: Brynhildur, eldri dóttir Heiðar; 5.: Þórey Mjallhvít, yngri dóttir Heiðar; 6.: Baldur, Þórey, foreldrar Heiðar og dætur Heiðar og Ragnars; 7.: Dætur Heiðar og Ragnars; 8.: Þórey, móðir Heiðar með dóttur Ragnars á skírnardegi hennar; 9.: Baldur Ragnarsson, faðir Heiðar; 10.: Brynhildur, og dóttir Ragnars ásamt frænku á afmælisdegi Baldurs; 11.: Þórey og tengdasonur hennar með dóttur sína og Láru, systur Heiðar, í fangi; 12.: Afmælisboð Brynhildar heima hjá henni, sér í dóttur Ragnars; 13.: Þórey Mjallhvít í afmælisboði Brynhildar; 14.-15.: Úr afmælisboði Brynhildar; 16.: Fjölskyldan að snæðingi á gamlárskvöldi; 17.: Þórey úti með barnabörnum á Gamlárskvöldi; 18.: Dætur Heiðar og önnur dætra Ragnars; 19.: Ómar, eiginmaður Heiðar og vinkona Heiðar og Ómars á heimili þeirra; 20.: Ómar og Ragnar; 21.: Baldur Ragnarsson, faðir Heiðar, Brynhildur, dóttir hennar, Lára, systir hennar og tengdamóðir Heiðar;
  22.: Tengdafaðir Heiðar með Þóreyju Mjallhvíti; 23.-27.: Úr samkvæmi heima hjá Heiði og Ómari, ca 1985; 28.: ?, 29.: Heiður með dætrum sínum, Brynhildi og Þóreyju að snæðingi ásamt vinkonu sinni og vini hennar; 30.-31.: Heiður á sjúkrabeði; 32.: Heiður ásamt bróður sínum, Halldóri.

**Askja 4**

- Ritgerðir:

Heiður Baldursdóttir: „Börn með sérþarfir.“ Umfjöllun um nemanda í Safamýrarskóla veturinn 1982-1983. Kennaraháskóli Íslands, uppeldisskor, 1983.
Heiður Baldursdóttir: Gassi: Af litlu barni og stórum stofnunum. Kennaraháskóli Íslands.
Heiður Baldursdóttir: Boðskipti fjögurra ára stúlku á dagvistarheimili. Kennaraháskóli Íslands.
Heiður Baldursdóttir: Álitamál í skipulögðu kennsluferli. Kennaraháskóli Íslands.
BA-nám í sérkennslufræðum, 2. hluti. 1989.
BA-nám í sérkennslufræðum, 2. hluti. 1990.
BA-nám í sérkennslufræðum, 3. hluti. 1990.

- Anna Snæbjörnsdóttir: Galdur steinsins. Lokaritgerð til B.ed-prófs úr Kennaraháskóla Íslands 1996.

- Álagadalurinn. Verkefni 3. bekkjar I í Barnaskóla Sauðárkróks 1990.
- Myndir frá skólaheimsókn Heiðar.
- Listi yfir bækur og greinar Heiðar í Gegni og Greini, tölvukerfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

**Askja 5**

- Útgefnar bækur Heiðar Baldursdóttur:
- Álagadalurinn. 1989.
- Leitin að demantinum eina. 1990.
- Leyndarmál gamla hússins. 1991.
- Háskaleikur. 1992.
- Galdur steinsins. 1993.
- Háskaleikur, á japönsku. 1994.

- Greinar um sérkennslumál eftir ýmsa frá skólaárum Heiðar í Bandaríkjunum.

- Hljóðnældur:

Upplestur Heiðar á sögunum um Evu Klöru.
Úr sagnabrunni Heiðar Baldursdóttur.

**Askja 6**

RB sótti skjölin til Þóreyjar, móður Heiðar, 22. maí 2001.

- Gjafabréf með frásögn móður Heiðar af lífshlaupi dóttur sinnar, dags.: Vor 2001.
- Skrá yfir myndir í ljósmyndaalbúmi Heiðar Baldursdóttur, gerð á vordögum 2001 af foreldrum Heiðar, sjá neðar.
- Skírteini um unglingapróf, Réttarholtsskólinn 30. maí 1973.
- Dagbók Heiðar Baldursdóttur, 3. júní – 23. sept. 1972 og 12. janúar - 18. janúar 1973.
- Minningarlóð um Heiði á esperanto, faðir hennar orti 1993.
- Samúðarkort til Þóreyjar M. Ómarsdóttur, dóttur Heiðar, frá Svíþjóð, 1993.
- Samúðarbréf vegna fráfalls Heiðar, frá Íbu [Ingibjörg Eyjólfsdóttir] Kolbeins í Danmörku til Þóreyjar Kolbeins, móður Heiðar. Ingibjörg er núverandi sambýliskona Ómars Harðarsonar.

- Póstkort frá Istanbúl, 1978; jólakort, 1999; heimagerð jólakort 1999, 4 að tölu; útg. af Minningarsjóði Heiðar Baldursdóttur.
- Nýja testamentið. Ný þýðing úr frummálinu. London 1956, árituð af móðurafa Heiðar, sr. Halldóri Kolbeins, á skírnardag hennar 30. júní 1958.

RB sótti eftirfarandi 26. febrúar 2002:

- Mappa sem geymir ljósmyndir á hörðum pappaspjöldum:
  1.: Legsteinn á leiði Heiðar Baldursdóttur, nr. breytt (jan. 2003): I 12 81;
  2.: Jólakortagerð í fjölskyldu Heiðar, og sýnishorn jólakorta; 3.: Skólakórinn í Breiðagerðisskóla, stjórnandi er Hannes Flosason, Heiður er fimmta frá hægri á mynd.
  Texti fylgir, ritaður af móður Heiðar, Þóreyju M. Kolbeins. Fjólubláum silkiborða er brugðið um plöggin.
- Myndband: Frá starfsvettvangi Heiðar Baldursdóttur á árunum 1988-1989.
  Eftirfarandi fylgir myndbandinu og er ritað af móður Heiðar: „Myndband sem sýnir starf í Safamýrarskóla og á Dagheimilinu Lyngási, tekið á árunum 1988 og 1989, sbr. tímasetningu sem sést á myndbandinu. Sennilega er myndbandið gert í tengslum við starfsleikninám á vegum Endurmenntunardeildar Kennaraháskóla Íslands. Námi þessu var stjórnað af Keith Humphrey. Á myndbandinu sést Heiður Baldursdóttir í starfi. Heiður er auðþekkt með sitt síða hár og svo leikur hún á gítar á einu myndskeiðinu."
  Búið er um myndbandið og fylgirit í grænni öskju úr handunnum pappír með japanskri eða kínverskri áletrun. Handunninn skjólpappír er utan um öskjuna.

**Böggul 6A**

- Ljósmyndaalbúm, sjá ennfremur öskju 6.

**Askja 7**

- Lesbók Morgunblaðsins, 1. tbl. 1977, viðtal við Heiði 18 ára gamla.
- Spegillinn eftir Birtu Hreinsdóttur, þ.e. Heiði Baldursdóttur.
- Ljósið eftir Birtu Hreinsdóttur, þ.e. Heiði Baldursdóttur.
- 19. kafli. Vinir að eilífu, saga eftir Heiði, handrit.
- Ævintýrið um Lilju og Horngarð úr Garðshorni, handrit, tölvuprentað, ca 1987-88; aftan við söguna eru nokkrar síður um skartgripi, sennilega úr ensku alfræðiriti.
- Háskaleikur, myndir og glærur eftir Halldór Baldursson, bróður Heiðar, úr bók Heiðar.
- Fjögur ævintýri. Greining þeirra og notkun skv. kenningum Bruno Bettelheim, Heiður Baldursdóttir, Hildur Magnúsdóttir, Hrafnhildur Tómasdóttir, KHÍ 1982.
- Að lesa í umhverfið, útprent úr tölvu, auk minnismiða.
- Skóli fyrir alla, ritgerð eftir Heiði Baldursdóttur, sérkennara við Safamýrarskóla, Reykjavík.
- Þórey ársgömul, stutt rannsókn eða skoðun á málþroska og heimsmynd dóttur Heiðar, gerð af Heiði, 31. 8. 1981.
- Heiður Baldursdóttir: Þróun merkingarhlutverka í máli ungra barna. Lokaritgerð 1983 í Kennaraháskóla Íslands.
- Stílabók með minnisatriðum; minnisblöð varðandi kennslu.
- Beneventum 2. tbl. 10. árg.
- Æfingabók í dönsku, Heiður Baldursdóttir 6-B.
- Þroskaþjálfaskóli Íslands: Tíminn.
- Pappírar varðandi tímalengd á myndbandi.

- Heiður Baldursdóttir: Nokkrir merkisdagar, skýringar. Myndasafn Námsgagnastofnunar, 1993.

Fært safninu 10. janúar 2003:

- Heiður Baldursdóttir: Sögurnar um Evu Klöru. Halldór Baldursson myndskreytti. Mál og menning 2002.
- Úrklippa, umsögn úr DV, föstudaginn 20. desember 2002: Ljúfar smásögur.

Skráð RB

*Þórey Kolbeins færði Borgarskjalasafni eftirfarandi skjöl 4. desember 2003.*

**Askja 8**

° Ritgerðaræfingar í 5. og 6. bekk í Breiðagerðisskóla (5 stílabækur).
° Einkunnir, prófvottorð Heiðar frá barnaskóla til menntaskóla 1964-1976.
° Dagbók í 6. bekk í Breiðagerðisskóla
° Dagbók 1969-1970.
° Dagbækur 1972, 1973-1975.
° Barnaleikrit í tveimur þáttum eftir Heiði (sennilega skrifað þegar hún var 12-13 ára).
° Teikningar.
° Útgáfusamningar við Vöku-Helgafell 1989,1990,1991 vegna “Álagadalurinn”, “Leyndarmál gamla hússins” og “Leitin að demantinum eina” o.fl.
° Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir “Álagadalurinn” 25.4.1989.
Samningur við Námsgagnastofnun 1990 vegna “Að lesa í umhverfið”.
° Breytingar á tónmenntakennslu í grunnskólum í 10 ár. Dæmi úr Austurbæjarskóla, Hvassaleitisskóla, Skóla Ísaks Jónssonar o.fl. Heiður Baldursdóttir o.fl. 1980.
° Ritgerðir og verkefni unnin í Menntaskólanum við Hamrahlíð 1973-1976.

**Askja 9**

° Verkefni unnin í Kennaraháskóla Íslands af Heiði Baldursdóttur og í samvinnu við aðra.
° Verkefni um auglýsingar og um námsumhverfi (ódagsett).
° Teiknimyndir. Hugleiðingar um þær með sérstöku tilliti til Tomma og Jenna.
Tjáning og sköpun 1. ár 1980.
° Skapandi starf barna. Barnið við upphaf skólagöngu - Líkami og tjáning 1981.
° Skipulagsverkefni fyrir 10, 11 og 132 ára börn, uppeldisfræði 1982.
° Starfsstúlknafélagið Sókn 1934-1964. KHÍ, söguval 2. ár. 1982
° Í leit að sjálfsmynd eftir skáldsögu Péturs Gunnarssonar “Persónur og leikendur”, íslenska 3. ár 1983.
° Athugun á menningu kennara (vinna, umhverfi, áhrif á persónuleika fólks 1983).
° Málssaga. Fyrsta málfræðiritgerðin, íslenska 1983.
° Dularfullu-bækurnar. Hvað er svona merkilegt við þær? Íslenska-val 1983.
° Viðurkenning vegna starfsleiknináml fyrir sérskóla 1987.
° Leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari 1987.
° Kennarapróf B.ed. 1983 einnig ljósrit af stúdentsprófi frá M.H.
° B.A. próf frá KHÍ 1990, einnig lýsing á B.A. náminu á ensku.
° Viðurkenningar fyrir: námskeið í kennslu fyrir einhverf börn og ungmenni 1986.
námskeið um fötluð börn 1987, námskeið um sérkennslu 1988.
að taka þátt í Starfendarannsókn 1989, Reynell málþroskaprófið 1990

og fyrir starfsleikninám í sérskólum 1986-1987.

- Umsagnir til nemenda 1986-1990.
- Temple verkefnið 1991: Special Education 512, 631, 63 sýrslur varðandi börn .
- Um þróun staðsetningarhugtaka hjá ungu barni. Málnám barna (ódags).

**Askja 10**

- Rannsókn Heiðar á þroskaframförum Þóreyjar Mjallhvítar (f. 25.8.1980).
  með sérstakri áherslu á málþroska og boðskipti 1980-1982/1983.
- Skýrsla starfsrannsóknar í deild 2, Safamýrarskóla veturna 1987-1988 og 1988-1989.
- Blaðaúrklippur varðandi Heiði 1970, 1978 og Lesbók Mbl. ódags.
- Skólablað MH. 1976, 10. árg. 2. tbl. Ritstjóri Heiður Baldursdóttir.
- Tvær stílabækur merktar: Galdrar, asmi o.fl. (ca. 1992)
  M.a.punktar um krabbameinssjúk börn. Um námsskrá o.fl. (ódags).
- Group Dynamics: Þankar frá spítala m.a. um íslensk ævintýri og “Töfrasteininn”.
  Undirbúningsvinna fyrir “Galdur steinsins” o.fl. (ódags).
- Nokkur bréf 1990-1992.
- Úr dagbókum dætra Heiðar, Þóreyjar og Brynhildar, ljósrit ásamt bréfi frá 2003.
- Minnisgreinar skrifaðar af Þóreyju, mömmu Heiðar í skammdeginu 2003.
- Hár af Heiði Baldursdóttur.

Skráð: Guðjón Indriðason